

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, SAÞ, KÓ, BÁ).

1. Í stað 2. og 3. másl. c-liðar 5. gr. komi: Áður en slíkt leyfi er veitt skal birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins þar sem fram kemur afmörkun viðeigandi svæðis ásamt leiðbeiningum um hvar veittar eru frekari upplýsingar um leyfisveitingu á svæðinu. Verði umtalsverðar breytingar á þessum upplýsingum skal án tafar upplýsa um slíkt með nýrri tilkynningu. Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsóknar- eða vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Þó er ekki hægt að taka til meðferðar umsóknir um leyfi eða veita leyfi samkvæmt þessari málsgrein fyrr en viðeigandi tilkynning hefur verið birt í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
2. Við 13. gr. bætist ný málsgrein sem verði 5. mgr., svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði um þagnarskyldu er starfsmönnum Orkustofnunar heimilt að semja við rannsóknarleyfishafa um heimildir til rýmri aðgangs að og notkunar á rannsóknar-gögnum.